


ÁTT ÞÚ Í FJÁRHAGSVANDA?




Umboðsmaður skuldara er ríkisstofnun sem veitir einstaklingum og fjölskyldum í fjárhagsvanda ókeypis aðstoð við að öðlast yfirsýn yfir stöðu fjármála sinna og leita leiða til lausna. Einnig er tekið á mótí erindum og ábendingum um ágalla á lánastarfsemi.

Allir geta lent í þeim aðstæðum að ráða ekki lengur við fjárhagsskuldbindingar sínar. Ástæðan getur t.d. verið minni tekjur, veikindi eða skilnaður. Hver sem ástæðan er, er mikilvægt að bregðast við sem fyrst og ná jafnvægi á milli skulda og greiðslugetu.

Þú getur tekið fyrsta skrefið í dag og lesið þér til um ráðgjöf og greiðslu-aðlögun á heimasíðu okkar, www.ums.is. Þar getur þú líka fyllt út umsókn og í kjölfarið mun ráðgjafi okkar hafa samband við þig.



**Umboðsmaður
skuldara**



GOTT AÐ VITA ...

- Greiðsluaðlögun einstaklinga er lögbundið úrræði sem á að gera einstaklingum í verulegum greiðsluferiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.
- Uppfylli umsækjandi skilyrði laga um greiðsluaðlögun er honum skipaður umsjónarmaður sem vinnur að gerð samnings um greiðsluaðlögun.
- Að jafnaði er greitt samkvæmt samningi um greiðsluaðlögun í 1 til 3 ár.
- Samningur snýst um að skuldari greiði af skuldum í samræmi við greiðslugetu.
- Greiðsluaðlögun nær ekki til allra skulda, svo sem vangoldins virðisaukaskatts, meðlagsskulda eða námslána. Þá þarf ákveðin greiðslugeta að vera fyrir hendi til að halda fasteign í greiðsluaðlögun.
- Sótt er um greiðsluaðlögun á www.ums.is



**Umboðsmaður
skuldara**